



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

09.september 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds –formaður boðaði forföll	Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri	Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikadeild
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Arnar Þorkelsson – handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir -meðst	Hilmar Sigurðsson– knattsd. Boðaði forföll
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Ragnar Rafnsson -varaformaður	Pétur Blöndal- varamaður
Bryndís Emilsdóttir varamaður boðaði forföll	Jóhannes Geir-gestur

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
 2. Undirbúningur fyrir fund með ÍTS í byrjun næsta mánaðar
 3. Jóhannes Geir kemur og ræðir væntanlega árshátíð Seltjarnarnesbæjar
 4. Handbók-drög
 5. Önnur mál
-

Kristín bað um breytingu á dagskrá og óskaði eftir að Jóhannes Geir yrði fyrstur á dagskrá svo hann gæti svo farið, var það samþykkt. Pétur Blöndal boðinn velkominn á sinn fyrsta fund hjá Gróttu.

3. Jóhannes Geir kemur og ræðir væntanlega árshátíð Seltjarnarnesbæjar

Jóhannes kom fyrir hönd undirbúningsnefndar árshátíðar Seltjarnnesbæjar með fyrirspurn um hvort Grótta get séð um undirbúnings íþróttahúss og jafnvel eitthvað fleira þar sem þar á að halda árshátíð nú í haust. Grótta tilbúin í það starf en vantar að vita hvað þetta innheldur. Kristín framkvæmdarstjóri mun senda póst til undbúningsnefndar til að fá frekari svör.





1. Yfirlit deilda

Fimleikadeild.

Guðrún Edda sagði frá að almennri ánægju fimleikadeildar með Gróttudag en ítrekaði ósk um að breyta dagssetningu. Starf deildarinnar fer vel af stað. Það eru 520 iðkendur skráðir í fimleikadeildina núna. 30-40 á biðlista og þar af bara eitt barn af Seltjarnarnesi en verið er að vinna að því að koma því inn. Fullmannað er í þjálfarastöður. Þjálfari frá USA er staddur hér á landi núna að þjálfja hjá Gróttu og er hann að aðstoða Gróttu við að finna þjálfara fyrir elstu flokkana þar sem einungis einn þjálfari með of marga iðkendur hjá sér. Guðrún Edda og Ragnar varaformaður Gróttu tóku á móti ÍTS og sýndu þeim aðstöðuna hjá fimleikadeildinni sem er fyrir löngu orðin of lítil. Hafa þjálfarar neitað að koma að þjálfja hjá Gróttu þegar þeir hafa séð aðstöðuna.

Kraftlyftingadeild.

Erla Kristín sagði að starfið væri að fara af stað hjá þeim og liti vel út veturinn. Búið er að laga aðstöðuna í WC en verið er að vinna í því að fá betri afslátt fyrir kraftlyftingadeildina. Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Gróttu sigraði í 57 kg flokki á norðurlandamóti í kraftlyftingum sem fram fór í Njarðvík í ágúst og náði Aron 2.sæti í sínum flokki. Gróttta var að eignast sínu fyrstu dómara í kraftlyftingum er það þau Aron Lee Teitsson, Hulda Pjetursdóttir og Lani. Er þetta ánægjuefni því það þarf skaffa dómara á öll mót. Erla greindi einnig frá því að KRAFT væri með einkennilega stefnu í að koma með tillögur á breytingum á lögum sem myndu gera það erfiðara fyrir kvenfólk að komast á mót, hækka lágmarkin mjög mikið. Næsta mót er íslm. í réttstöðulyftu þann 13.sep nk. Gróttta er búin að sækja um mót í apríl/maí 2015.

Handknattleiksdeild.

Arnar sagði að allt væri að fara á fullt hjá handknattsleiksdeild. Meistaraflokkur kvenna sigraði á Subway móti sem haldið var hérna á Nesinu 4-6 sept. Miklar væntingar gerðar til kvennaliðsins í vetur margir spá þeim titli. Meistaraflokkur karla náði 3.sæti á móti sem HK hélt í síðustu viku. Arnar greindi einnig frá því að handknattsleiksdeild hafi gert þjónustukönnun og þar hafi komið fram að 70% foreldra er mjög ánægður með þjálfara hjá deildinni og er stefna sett á 80% eftir þennan vetur.

Knattspyrnudeild

Enginn fulltrúi mætti

2. Undirbúningur fyrir fund með ÍTS í byrjun næsta mánaðar

Kristín sagði að ÍTS myndi mæta á næsta fund aðalstjórnar og bað fólk að undrbúa sig sem best fyrir þann fund.

3. Liður 3 fyrstu á dagskrá

4. Handbók –drög





Ásta hefur í sumar verið að undirbúa handbók Gróttu. Hefur verið að safna saman bókum frá öllum deildum til að sameina í eina handbók Gróttu þar sem kemur fram hlutverk þjálfara, foreldraráða, foreldra ofl á mótum. Ásta mun senda þetta á fundarmenn þegar þetta er tilbúið.

5. Önnur mál

-Ásta kom með tillögu um að koma á nýju kerfi í dósasöfnun. Sem verður þannig að hver deild hefur fasta mánuði en ekkert safnað í júlí þannig að þetta rúllar. Var dregið hvernig röðin yrði handbolti byrjar í sept, svo koma fimleikar í okt og knattspyrnan fær nóv.

-Guðrún Edda spurði hvort væri búið að gera upp Gróttuballið. Svo ku ekki vera en mun verða gert á næstu dögum.

-Guðrún Edda og Arnar Þ spurðu bæði um hvort væri búið að ákveða um skiptingu á styrknum frá bænum. Ragnar sagði að ekki væri búið að ákveða skiptinguna. Kom með þá tillögu að borga öllum deildum einhverja ákveðna upphæð og fara svo í heildarendurskoðun á reglunum. Var mikið rætt um hvernig ætti að skipta þessu og var ákveðið að Ragnar og Guðjón myndu gefa sér viku til að koma með tillögu að skiptingu

-Arnar spurði útí hvort væri einhver sérstök skipting á fjáröflunum. Ást sagð svo ekki vera og fólk ætti bara að drífa sig í gang.

- Guðrún Edda sagði að fimleikadeildin ætlaði að selja túlipana á aðventunni.

-Rætt var um það þyrfti að þrýsta á bæinn með að byggja við íþróttamiðstöðina, kemur sér vel fyrir allar deildir.

Fundi slitið 21:18:56

